Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1672
komudagur 20.2.2013

RÍKISSAKSÓKNARI

DK/

Reykjavík, 20. febrúar 2013

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með tölvupósti allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 6. þ.m., frumvarp til laga um útlendinga (heildarlög, EES-reglur), 541. mál.

Um 1. – 44. gr.
Engar athugasemdir.

Um 45. – 47. gr.
Lagt er til að orðið „brotaþoli" komi í stað orðsins „fórnarlamb" í 1. og 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 46. gr. og 4. mgr. 47. gr. Hið sama á við um fyrirsagnir við 45. og 46. gr. Orðið „fórnarlamb" er fremur gildishlaðið og hefur óskýra lagalega merkingu. Orðið „brotaþoli" er síður gildishlaðið og hefur sem hugtak skýra lagalega merkingu, sbr. V. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Mansal er refsivert samkvæmt 227. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar, en þar er orðið „fórnarlamb" ekki notað. Æskilegt er að samræmis sé gætt við hugtakanotkun í skyldri löggjöf. Þá bendir réttarframkvæmd á sviði sakamála til þess að orðin „brotaþoli" eða „þolandi brots" séu notuð í tengslum við dómsúrlausnir um mansal, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 105/2010 og 224/2010.

Um 48. – 60. gr.
Engar athugasemdir.

Um 61. gr.
Lagt til að orðið „brotaþoli" komi í stað orðsins „fórnarlamb" í d-lið 3. mgr., sbr. framangreindar athugasemdir við 45. – 47. gr.
Engar athugasemdir eru gerðar við 1. og 2. mgr., a-, b-, c- og e-liði 3. mgr. og 4. mgr.

Um 62. – 72. gr.
Engar athugasemdir.

Um 73. gr.
Lagt er til að orðið „brotaþolar" komi í stað orðsins „fórnarlömb" í 3. mgr. 73. gr., sbr. framangreindar athugasemdir við 45. – 47. gr.
Engar athugasemdir eru gerðar við 1., 2. og 4. mgr.

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229

Um 74. – 79. gr.
Engar athugasemdir.

Um 80. gr.
Það er brýnt að orðalagi 1. mgr. verði breytt og kveðið verði skýrt á um það í ákvæðinu, að umsækjanda verði ekki refsað *vegna háttsemi sem varðar ólöglega komu til landsins eða dvöl án heimildar*, ef það er á annað borð ætlun löggjafans, *og jafnframt hvaða háttsemi er umsækjanda refsilaus*. Fyrirsögn frumvarpsgreinarinnar er ekki nægjanleg í þessu sambandi, enda ekki hluti hins fyrirhugaða lagatexta, sbr. ritið Handbók um undirbúning og gerð lagafrumvarpa, útg. af forsætisráðuneytinu, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og skrifstofu Alþingis (2007), kafla 2.2.2 (bls. 28). Hið sama á við um skýringar í greinargerð. Orðalag ákvæðisins í frumvarpinu, eins og það liggur fyrir í dag, er ótækt og gefur færi á rúmri túlkun, þ.m.t. að hvers kyns refsiverð háttsemi umsækjanda við ólöglega komu eða dvöl án heimildar hér á landi sé refsilaus. Sú staða væri fráleit út frá sjónarmiðum um öryggi borgaranna o.fl. Samkvæmt lögmætisreglu refsiréttar, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, eru refsiheimildir lögbundnar og þær verða að vera skýrar. Þá verður ekki byggt á ummælum í greinargerð við afmörkun á refsiverðri háttsemi, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Íslands 16. september 2010 í máli nr. 380/2010.
Engar athugasemdir eru gerðar við 2. og 3. mgr.

Um 81. gr.
Lagt er til að orðið „brotaþoli" komi í stað orðsins „fórnarlamb" með viðeigandi fallbeygingu og hástaf, sbr. framangreindar athugasemdir við 45. – 47. gr.
Engar athugasemdir eru gerðar við 1. – 5. mgr. og 7. – 9. mgr.

Um 82. – 123. gr.
Engar athugasemdir.

Um 124. gr.
Æskilegt er að kveðið verði skýrar á um það í 1. mgr. að nægjanlegt sé að uppfyllt sé eitt af skilyrðum a – f liða. Þá kemur þetta atriði ekki skýrt fram í greinargerð með frumvarpinu. Um er að ræða skerðingu á persónu- og ferðafrelsi manna og þarf því að vera hafið yfir vafa hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt. Til hliðsjónar vísast til orðalags 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála (skilyrði gæsluvarðhalds).
Engar athugasemdir eru gerðar við 2. – 5. mgr.

Um 125. gr.
Sömu athugasemdir eru gerðar við 1. mgr. og greinir í athugasemdum við 1. mgr. 124. gr.
Engar athugasemdir eru gerðar við 2. – 6. mgr.

Um 126. gr.
Í h-lið 1. mgr. og 2. og 3. mgr. vantar að tilgreina saknæmisskilyrði og veldur þetta óskýrleika á refsiheimildum. Ákvæðin kunna þar með að vera í andstöðu við 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lögmætisreglu refsiréttar. Tæplega er ætlunin að leggja til grundvallar hlutlæga refsiábyrgð en ef

svo er þá á það sama við, að kveða þarf á um það með skýrum hætti í ákvæðunum. Sjá til hliðsjónar fyrrgreint rit, Handbók um undirbúning og gerð lagafrumvarpa, kafla 3.4.5 (bls. 44). Til frekari skýringar vísast til fræðirits Róberts R. Spanó: Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar (2012), bls. 205 – 278.

Engar athugasemdir eru gerðar við a – f liði 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr.

Um 127. – 133. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Engar athugasemdir.

f.h.r.

Daði Kristjánsson
saksóknari

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is